



**Lánasjóður sveitarfélaga ohf.**

**VIÐAUKI**

við grunnlýsingu  
dagsett 28. mars 2011

Skuldabréfaútgáfa ágúst 2011

**LSS150224**

## 1 ÁBYRGIR AÐILAR

### 1.1 Útgefandi

Lánasjóður sveitarfélaga ohf., kt. 580407-1100, Borgartúni 30, 105 Reykjavík.

### 1.2 Yfirlýsing útgefanda

Stjórnarformaður og framkvæmdastjóri, nafngreindir hér að neðan, fyrir hönd Lánasjóðs sveitarfélaga ohf. kt. 580407-1100, lýsa því yfir að samkvæmt þeirra bestu vitund eru upplýsingarnar, sem þessi viðauki við grunnlýsingu dagsetta 28. mars 2011 hefur að geyma, í samræmi við staðreyndir og að engum upplýsingum er sleppt sem kunna að skipta máli varðandi áreiðanleika hennar. Jafnframt er Lánasjóður sveitarfélaga ohf. kt. 580407-1100 umsjónaraðili með töku skuldabréfa lánasjóðsins í flokki LSS150224 til viðskipta á NASDAQ OMX Iceland hf.

Reykjavík, 30. ágúst 2011  
f.h. Lánasjóðs sveitarfélaga ohf.  
Borgartúni 30, 105 Reykjavík



Magnús B. Jónsson  
stjórnarformaður



Óttar Guðjónsson  
framkvæmdastjóri

## 2 TILKYNNING TIL FJÁRFESTA

Þessi viðauki við grunnlýsingu Lánasjóðs sveitarfélaga ohf. dagsett 28. mars 2011 er gerður til að koma á framfæri við fjárfesta mikilvægum nýjum upplýsingum sbr. 1. mgr. 46. gr. laga nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti. Þessi viðauki er dagsettur 30 ágúst 2011.

Þar sem viðaukinn tekur aðeins til tiltekinna atriða, skulu fjárfestar lesa viðaukann samhliða grunnlýsingunni til að öðlast nægjanlegar upplýsingar um útgefanda og skuldabréfaflokkinn.

Viðbót við grunnlýsingu er 6 mánaða uppgjör 2011.

Helstu liðir 6 mánaða uppgjörs 2011 birtast í skýrslu stjórnar og framkvæmdastjóra, sem hljóðar svo:

### Lánveitingar og lántökur

Útborguð langtímalán á tímabilinu námu 3.495 milljónum króna samanborið við 2.014 milljónir króna á sama tímabili í fyrra.

Sjóðurinn hefur aldrei tapað útláni frá því að hann hóf starfsemi árið 1967 og hefur því engan afskriftareikning útlána í bókum sínum. Sjóðurinn tekur veð í tekjum sveitarfélaga gegn þeim lánum sem hann veitir sveitarfélögum og félögum í þeirra eigu. Vanskil við undirritun þessa árshlutareiknings voru 11 milljónir.

Lán þau sem sjóðurinn veitir af eigin fé sínu eru verðtryggt miðað við vísitölu neysluverðs og eru uppgreiðanleg. Vextir þeirra eru breytilegir en þeir voru 4,25% það sem af er árs. Endurlán eru með sömu grunnkjörum og lántökurnar að viðbættu 0,05% vaxtaálagi til að koma til móts við rekstrarkostnað. Lánasjóðurinn hefur að jafnaði ekki verið með teljandi gjaldeyris- eða vaxtaáhættu í rekstri sínum.

Á tímabilinu fóru fram skuldabréfaútböð á innlendum skuldabréfamarkaði til að afla fjár til endurlána að fjárhæð samtals 3.227 milljónir króna að nafnvirði. Skuldabréfin hafa verið tekin til viðskipta í NASDAQ OMX Iceland hf.

### Afkoma og efnahagur

Hagnaður tímabilsins nam 519 milljónum króna miðað við 941 milljónir króna á sama tíma árið 2010. Lækkun hagnaðar milli ára skýrist aðallega af gengisþróun evrunnar sem var sérstaklega hagstæð sjóðnum á árinu 2010.

Niðurstöðutala efnahagsreiknings í lok tímabilsins var 74.587 milljónir króna á móti 73.735 milljónum króna í árslok 2010. Útlán sjóðsins námu 63.293 milljónum króna í lok tímabilsins. Eigið fé nam 14.696 milljónum króna á móti 14.178 milljónum króna í árslok 2010 og hefur aukist um 3,7% á tímabilinu.

Vegið eiginfjárlutfall samkvæmt Basel II um eigið fé fjármálafyrirtækja er 51% og lækkar úr 78% frá áramótum. Skýring lækkunarinnar felst í nýsettum reglum FME nr. 378/2011 um breytingu á reglum nr. 215/2007, um eiginfjárkröfur og áhættugrunn fjármálafyrirtækja, sem tóku gildi 13. apríl 2011. Ef að núverandi aðferð hefði verið beitt um áramót hefði reiknað eiginfjárlutfall (CAD) sjóðsins verið 48% í árslok 2010.

Hluthafar sjóðsins eru 76 talsins en hann er í eigu sveitarfélaga landsins. Reykjavíkurborg er eini hluthafinn sem á umfram 10% í sjóðnum með 17,5% hlut.

#### **Yfirlýsing**

Samkvæmt bestu vitneskju stjórnar er árshlutareikningur Lánasjóðs sveitarfélaga ohf. gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningskilastaðal IAS 34, eins og hann hefur verið samþykktur af Evrópusambandinu.

Stjórn Lánasjóðs sveitarfélaga ohf. og framkvæmdastjóri staðfesta hér með samandreginn árshlutareikning sjóðsins fyrir fyrstu sex mánuði ársins 2011 með undirritun sinni.

#### **Breyting á fjárhagsstöðu eftir 30. júní 2011**

Engar mikilvægar breytingar hafa átt sér stað á fjárhagsstöðu lánasjóðsins frá lokum síðasta fjárhagstímabils 30. júní 2011 fram til dagsetningar viðauka þessa. Kannað 6 mánaða uppgjör fyrir árið 2011 var birt opinberlega 23. ágúst 2011.

### **3 SKJÖL FELLD INN MEÐ TILVÍSUN**

6 mánaða uppgjör Lánasjóðs sveitarfélaga ohf, frá 23. ágúst 2011 er hér með fellt inn í viðauka þennan með tilvísun. 6 mánaða uppgjörin má nálgast hjá útgefanda að Borgartúni 30, 105 Reykjavík, eða á heimasíðu hans: [www.lanasjodur.is](http://www.lanasjodur.is), á meðan grunnlýsing þessi er í gildi.